

**11. fundur nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss
haldinn í fundarherbergi 4. hæð í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 29. apríl 2019 og
hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður, Sif Huld Albertsdóttir aðalmaður, Sigurður Jón Hreinsson aðalmaður og Guðmundur Gunnarsson bæjarstjóri.

Embættismenn:

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Fundargerð ritaði: Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Dagskrá:

1. Uppbygging knattspyrnumannvirkja á Torfnesi - 2017010066

Kynntur tölvupóstur frá Hjalta Jóni Pálssyni ráðgjafa hjá Ríkiskaupum, dagsettur 17. apríl 2019, varðandi næstu skref í innkaupum á fjölnota knattspyrnuhúsi.

Starfsmanni nefndarinnar falið að hefja undirbúning að útboði með innkaupafulltrúa Ísafjarðarbæjar og Ríkiskaupum þar sem settur verður hámarkskostnaður við verkið, miðað við greinargóða þarfalýsingu. Einnig er starfsmanni nefndarinnar falið að hefja vinnu við kostnaðarmat á nýju gervigrasi á grasvöllinn á Torfnesi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:57

Kristján Þór Kristjánsson

Sif Huld Albertsdóttir

Sigurður Jón Hreinsson

Guðmundur Gunnarsson

Brynjar Þór Jónasson